

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Súðavíkurhreppi, að koma í veg fyrir ágang búfjár á gróður í hreppnum og á lóðir hreppsþúa, að gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífleg og í samræmi við vilja hreppsnefndar, svo og að marka búfjárhaldi að öðru leyti reglur, þannig að það geti verið í sátt allra er þúa í hreppnum.

2. gr.

Búfjárhald er heimilt í Súðavíkurhreppi á bújörðum í hreppnum, nema innan svæðis sem afmarkast af girðingu umhverfis þéttbýli Súðavíkur. Þeir sem búfjárhald stunda skulu fara að lögum og reglum er um það gilda hverju sinni, svo sem lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 með síðari breytingum, og öðrum lögum og reglugerðum.

3. gr.

Allt búfjárhald og lausaganga búfjár án leyfis er bönnuð á svæðinu sem afmarkast af girðingu hreppsins frá Þjóðvegi utan við Sjónarhól, upp í Sauradal og að ristarhliði innan við Langeyri. Sveitarstjóra er hvenær sem er heimilt að takmarka rekstur á búfé um þéttbýli í hreppnum.

4. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds innan girðingar umhverfis þéttbýli Súðavíkur, sbr. 3. gr. skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt upplýsingum um fjölda búfjár sem óskað er leyfis fyrir og yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda. Búfjárhöldurum er skylt að tryggja búfé frjálsri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila.

5. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds, sbr. 4. gr. hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við lög eða reglur um meðferð búfjár og hefur fullnægjandi aðstöðu fyrir búfé að því er varðar landrymi, húsakost, fóðrun og aðra meðferð. Leyfi til búfjárhalds skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar þess. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

6. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við og þeim haldið snyrtilegum. Öll óhreinindi og úrgangur (tað o.þ.h.) er fylgja búfjárhaldinu skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss.

7. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri að beiðni hreppsnefndar hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það valdi tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann af framangreindu, skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum. Girðing hreppsins umhverfis þéttbýlið skal vera orðin fjárheld, ef snjóalög hamla ekki, jafn fljótt og mögulegt er að vori og vera það þar til snjóar hamla því að hausti.

Hreppsnefnd skal skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald í þéttbýli. Í skipulagi nýju byggðarinnar innan Eyrardalsár er gert ráð fyrir því á Eyrardalstorfunni. Á Eyrardalstorfu skulu þeir sem eru með búfé girða lóðir sínar með viðeigandi girðingum til að tryggja að búfé gangi ekki laust á torfunni.

9. gr.

Þeir aðilar sem nú eru með búfjárhald í gömlu byggðinni utan Eyrardalsár eiga rétt á að hafa það þar áfram en um það gilda að öðru leyti ákvæði þessarar samþykktar.

10. gr.

Þeir aðilar sem leyfi fá til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skulu koma upp girðingum og gerðum til að tryggja aðhald við búfé áður en leyfi er veitt.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46 25. mars 1991 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Súðavíkurhreppi nr. 379 14. júní 1990.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

AUGLÝSING

um skilmála um afhendingu og sölu raforku og varmaorku á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Almennt.

Söluskilmálar þessir gilda fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Söluskilmálarnir taka til afhendingar og sölu raforku og varmaorku.

Skilgreiningar

Notandi:

Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.

Orkukaupandi:

Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.

Húsveita:

Búnaður notanda sem tengist einum mæli.

Ársnotkun:

Fjöldi kWh eða m^3 sem notaðar eru á einu ári (365) dögum.

Afltoppur:

Mesta mældu afl (kW) á árinu.